

Mánudaginn 8. nóvember 1982.

Nr. 105/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Kristni Haraldssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Héraðsdóminn kvað upp Guðjón Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Eskifjarðarkaupstað.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. febrúar 1982, og er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 2. september 1982.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Skipaður verjandi ákærða krefst sýknu og verði allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þ. á m. málsvarnarlaun sín hér fyrir dómi.

Með sakargögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, er sök ákærða sönnuð, og er atferli hans fært til réttra refsíákvæða. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, sæti 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í

stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eskifjarðar 11. júní 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dagsettu 10. mars 1981, „á hendur Sigurbirni Kristni Haraldssyni trésmíðameistara, Bleiksárhlíð 32, Eskifirði, fæddum 29. október 1953 á Hjalteyri, fyrir að aka þriðjudaginn 29. júlí 1980, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G 1394 frá fiskverkunarhúsi sunnan Strandgötu á Eskifirði, vestur þá götu og norður Bleiksárhlíð, þar sem bifreiðinni var lagt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Málavextir eru þessir:

Í lögregluskýrslu, dagsettri 30. júní 1980, skýrir Ólafur Jónsson, þá starfandi lögreglumaður á Eskifirði, svo frá, að hann hafi um kl. 1540 daginn áður verið farþegi í bifreiðinni U 256, er henni var ekið austur Strandgötu í Eskifjarðarkaupstað. Hafi þá ökumaður bifreiðarinnar, Jón Ólafsson lögreglumaður, sagt skyndilega: „Hver ekur þessum?“ Hafi Jón átt við bifreiðina G 1394, sem ekið var eftir Strandgötu á móti bifreiðinni U 256. Kveðst Ólafur hafa séð greinilega, að við stýri bifreiðarinnar sat Sigurbjörn K. Haraldsson, Bleikárshlíð 32 á Eskifirði. Hafi honum (Ólafi) og Jóni báðum verið kunnugt, að Sigurbjörn var sviptur ökuréttindum.

Er ákærði kom fyrir dóm vegna máls þessa 16. september 1980,

kvaðst hann aldrei hafa ekið bifreið, síðan hann var sviptur ökuréttindum sínum 7. febrúar 1980, og gæti því efni framangreindrar lögregluskýrslu ekki staðist. Tók ákærði jafnframt fram, að hann hefði marga menn í vinnu, sem allir hefðu haft afnot af bifreiðinni að meira eða minna leyti. Ákærði hefur við rekstur málsins haldið fast við framburð sinn.

Vitnið Þóra Sólveig Jónsdóttir, Hátúni 17, Eskifirði, skýrði svo frá fyrir dómi 24. nóvember 1980, að það hefði einhvern tímann í júlí 1980 komið í bifreið föður síns, U 256, út á Eskifjarðar-kaupstað og hafi eigandinn, Jón Ólafsson, ekið bifreiðinni, en vitnið setið frammi í bifreiðinni, farþegamegin. Þegar þau hafi verið komin rétt út fyrir rimlahliðið á Strandgötu, hafi vitnið séð, hvar Sigurbjörn K. Haraldsson ók appelsínugulri Volkswagen bifreið með G númeri. Hafi Sigurbjörn verið að snúa bifreiðinni neðan við Strandgötuna móts við fiskverkunarhús. Hafi Ólafur Jónsson, sem er bróðir vitnisins og var farþegi í bifreiðinni U 256, spurt, hvort Sigurbjörn væri ekki undir stýri Volkswagen bifreiðarinnar. Hafi vitnið staðfest það.

Vitnið kvaðst hafa vitað fyrir þennan atburð, hver Sigurbjörn var, og hafa þekkt hann í sjón. Kvaðst vitnið hafa séð Sigurbjörn mjög vel og væri útilokað, að það hefði farið mannavilt.

Vitnið sagði föður þess hafa snúið bifreiðinni U 256 og ekið á eftir Volkswagen bifreiðinni. Hafi verið búið að leggja bifreiðinni í Bleiksárhlíð, er að var komið, og var hún þá mannlaus.

Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Jón Ólafsson lögreglumaður, Hátúni 17, Eskifirði, kom fyrir dóm 14. janúar sl.

Kvaðst vitnið þá muna vel greindan atburð. Hafi vitnið séð, að gulri Volkswagen bifreið, G 1394, var ekið austur Strandgötu, og mættust sú bifreið og bifreið vitnisins, sem vitnið ók, á götunni. Vitnið kvaðst ekki hafa hugað að bifreiðinni G 1394 fremur en öðrum bifreiðum, en því hafi allt í einu fundist, um leið og bifreiðarnar mættust, að Sigurbjörn K. Haraldsson æki bifreiðinni G 1394, en vitnið kvaðst hafa vitað, að Sigurbjörn var sviptur ökuréttindum.

Vitnið kvaðst hafa hrokkið við og spurt þá, sem með honum voru í bifreiðinni, hver hefði ekið. Hafi börn vitnisins, Þóra Jónsdóttir og Ólafur Jónsson, fullyrt, að Sigurbjörn K. Haraldsson æki bifreiðinni.

Vitnið kvaðst sjálft ekki geta fullyrt, að Sigurbjörn hefði ver-

ið undir stýri á G 1394, því það hafi veitt ökumanninum athygli svo seint.

Vitnið kvaðst hafa vitað fyrir atburð þennan, að starfsmenn Sigurbjarnar höfðu not af bifreiðinni G 1394.

Vitnið kvaðst hafa brugðið skjótt við og snúið bifreið sinni og ekið nokkuð geyst á eftir G 1394. Hafi bifreiðinni G 1394 verið lagt við vinnustað Sigurbjarnar í Bleiksárhlíð, er vitnið kom þar að, og var engan að sjá hjá bifreiðinni né þar utanhúss.

Vitnið Ólafur Jónsson, Tjarnargötu 10, Reykjavík, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 9. febrúar 1981. Staðfesti vitnið þá framan-greinda lögreglustkýrslu.

Vitnið kvaðst jafnframt hafa séð það greinilega, er bifreiðarnar mættust, að ökumaður G 1394 var Sigurbjörn K. Haraldsson, en vitnið kvaðst hafa þekkt hann í sjón. Vitnið kvað útilokað, að það hafi farið mannavilt, enda hefði það séð Sigurbjörn greinilega, rétt áður en bifreiðarnar mættust, og einnig er Sigurbjörn ók fram hjá bifreið þeirri, sem vitnið var farþegi í.

Vitnið kvað ákærða hafa verið einan í bifreiðinni, og kvaðst það jafnframt hafa veitt því athygli, að ákærði ók bifreiðinni áfram vestur Strandgötu og beygði norður Bleiksárhlíð, en þar hvarf bifreiðin sjónum. Hafi faðir vitnisins snúið bifreiðinni U 256 og haldið á eftir bifreið ákærða, og er þeir voru komnir að Bleiksárhlíð, sáu þeir, hvar bifreið ákærða stóð mannlauus og kyrrstæð á hægri kanti götunnar við fjölbýlishús, sem ákærði var með í smíðum.

Vitnið vann eið að framangreindum framburði sínum.

III.

Ákærði var með dómi sakadóms Suður-Múlasýslu 7. febrúar 1980 dæmdur í 15 daga varðhald og sviptur ökuréttindum ævilangt frá 11. mars 1980 fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Sannað þykir með framburðum vitnanna Þóru Jónsdóttur og Ólafs Jónssonar, sem studdir eru framburði vitnisins Jóns Ólafssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Þykir háttsemin varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, eins og í ákæruskjali greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, greiði 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti 10 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 9. nóvember 1982.

Nr. 52/1982.

Ákæruvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Marteini Kristjáni Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Klemenzt Eggertsson, fulltrúi sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákæruvalds.

Ágrip barst Hæstarétti 2. september 1982.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing samkvæmt ákæruskjali 1. október 1980, þó svo, að fyrir Hæstarétti er felld niður úr því tilvitnun í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Enn fremur hefur verið felld niður tilvitnun í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kemur því eigi til álita, hvort ákærði hafi gerst brotlegur við þessi lagaákvæði. Þá er þess